

Júní 2013

Sjálfsmatsskýrsla 2012-2013

Stöðvarfjarðarskóli



Inngangur

Stöðvarfjarðarskóli er heildstæður grunn- og leikskóli í syðsta byggðakjarna Fjarðabyggðar. Þrjátíu og einn nemandi var í skólanum skólaárið 2012-2013 og var kennt á fjórum stigum, Leikskóladeild, Yngsta stigi, Miðstigi og Elsta stigi. Á haustmánuðum voru Grunnskólinn á Stöðvarfirði og leikskólinn Balaborg sameinaðir í einn skóla sem hlaut nafnið Stöðvarfjarðarskóli. Sumarið fór í að útbúa leikskóladeild og aðstöðu fyrir nemendur og gera leiksvæði á skólalóð.

Skólaárið 2012-2013 voru fimm nemendur á Yngsta stigi, sex á Miðstigi, ellefu á Elsta stigi og níu á Leikskóladeildinni.

Samkenntsla er því mikil og lögð áhersla á þverfaglega vinnu nemenda og kennara. Mikil samvinna var á milli Yngsta stigs og Leikskóladeildarinnar.

Skólinn er staðsettur tiltölulega miðsvæðis í þorpínu, í góðu göngufæri fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Beggja vegna skólans renna Einarstaðaár (innri og ytri) og stutt er í fjölbreytilegar fjörur og í móana ofan við þorpið. Rótgróin skógrækt er einnig utan og ofan við þorpið og eru elstu trén allt að því 80 ára. Á hverju ári taka nemendur þátt í að planta trjám og hlúa að skógræktinni. Mikil áhersla er lögð á að nýta margbreytilegt umhverfið og náttúruna bæði við nám og leik.

Húsnæði skólans er að stofni til tvær einingar. Eldri hlutinn var tekinn í notkun árið 1965 en nýrri hlutinn árið 1997. Í eldri hlutanum er tónlistarskólinn með aðstöðu sína, ásamt list- og verkgreinastofum og inngangi fyrir leikskóladeildina. Í nýrri hlutanum (aðalhæð) eru þrjár almennar bekkjarstofur, leikskólastofa, heimilisfræðistofa, eldhús, starfsmannaaðstaða og stórt miðrými. Húsnæðið er hjart og rúmgott. Á neðri hæð er bókasafn, tölvuver og náttúrufræðistofa (þar er fjarfundabúnaður).

Nýtt íþróttahús var tekið í notkun á Stöðvarfirði árið 2000 og er það staðsett rétt sunnan við skólann. Allstór malbikaður boltavöllur er við skólann, nokkur leiktæki, afgirt svæði með nýjum leiktækjum (leikskólinn) og sparkvöllur aðeins fjær, rétt utan skólalóðar, á svokölluðum Bala.

Sundkenntsla fer fram í útisundlaug bæjarins og er hún staðsett á skólalóðinni.

Félagsmálum nemenda á Mið og Elsta stigi er sinnt að langmestu leyti frá Félagsmiðstöðinni Stöðinni sem er í Samkomuhúsinu og rekin af íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Starfsmenn veturinn 2012-2013 komu frá Rauða krossinum. Samkomuhúsið var reyndar skólahús Stöðvarfjarðar til 1965.

Skólamáltíðir eru keyptar frá veitingastaðnum Brekkunni. Nemendur og starfsfólk matast saman í opna miðrýminu. Skólaliðar sjá um að afgreiða matinn. Einnig gefst nemendum kostur á að vera í mjólkur, ávaxta- og grænmetisáskrift og sjá skólaliðar um framreiðslu á ávöxtum og grænmeti í fyrri frímínútum fyrir hádegi og nýta langflestir nemendur sér það.

Stöðugildi við skólann eru eftirfarandi: Skólastjóri í 50% stjórnunarstarfi og 50% kennari. Kennarar eru fimm í 4,6 stöðugildum. Skólaliðar eru tveir í 1,6 stöðugildum. Einn stuðningsfulltrúi er í 50% stöðugildi. Starfsmaður á bókasafni er í 21% stöðugildi. Á leikskóladeild er deildarstjóri í 90% starfi og starfsmaður í 60%. Stuðningsfulltrúi og skólaliðar koma einnig að starfi leikskóladeildarinnar. Hjúkrunarfræðingur kemur nokkuð reglulega og sinnir fræðslu og hefur eftirlit með nemendum. Umsjónarmaður íþróttahúss og sundlaugar sinnir ýmsu viðhaldi. Enginn skólaritari starfar við skólann og ekkert skólasel er við skólann.

Kennsla hefst í skólanum klukkan 8:00 á morgnana og er kennt í 3 lotum fram að hádegi. Þá er 30 mín matartími og síðan kennsla áfram mislengi eftir hádegi. Tónlistarskólinn starfar í nánú samstarfi við grunnskólann og eru nemendur í tónlistarnámi teknir út úr kennslustundum eftir ákveðnu rúllandi kerfi. Hefur það fyrirkomulag mælst misvel fyrir og þótt erfiðara í framkvæmd eftir því sem nemendum fækkar í bekkjardeildum.

Kennarar og skólaliðar sinna frímínútnagæslu og einnig sjá nemendur úr ferðahópi skólans um að skipuleggja og stýra leikjum á skólavellinum.

Stöðvarfjarðarskóli vinnur ásamt öllum skólum í Fjarðabyggð með uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar, tveir kennarar hafa sótt Art námskeið og halda reglulega Art námskeið fyrir nemendur. Á vordögum gerðist skólinn þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi skóli sem er á vegum Landlæknisembættisins. Skólinn hefur um árábil verið þátttakandi í Olweusarverkefninu gegn einelti.

Markmið og tilgangur

Stöðvarfjarðarskóli er fámennur skóli og nándin því mikil. Þrátt fyrir smæð nemendahópsins er leitast við að hafa skólastarfið sem fjölbreyttast og koma til móts við námsþarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska og sjálfstæði hvers og eins. Áhersla er lögð á samvinnu og samkennd og að samskipti nemenda og starfsfólks einkennist af virðingu og umburðarlyndi. Mikilvægt er að samskipti skólans við heimilin séu góð. Stefnt er að því að tengja starf skólans við umhverfið eins og kostur er, að nemendur læri að meta uppruna sinn og umhverfi sitt að verðleikum og sjái kostina sem felast í því að búa í litlu samfélagi í nánd við óspillta náttúru.

Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að nemendum líði vel í skólanum.

Tilgangur matsins:

Í lögum um grunn- og framhaldsskóla eru ákvæði um sjálfsmat skóla og samkvæmt lögnum eiga skólar sjálfir að velja aðferðir við matið. Það er margt sem hefur áhrif á skólastarfið s.s. mismunandi þarfir nemenda, hvernig þeir standa námslega, samfélagið og umhverfið og væntingar foreldra til menntunar barnanna og

viðhorf þeirra til skólans. Skólarnir þurfa ævinlega að leitast við að gera sitt besta til þess að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda á markvissan hátt. Því er æskilegt að skólarnir meti starf sitt og stöðu reglulega og er sjálfsmatið til þess ætlað.

Sjálfsmatið á að tengjast náið markmiðum skólans og vera liður í þróun og vexti hans.

Í skólanámskrá hvers skóla er lagður grunnur að skólastarfinu og þess vegna er hún mikilvægur grundvöllur í sjálfsmatinu.

Nauðsynlegt er að matið tengist markmiðum skólans því það gerir starfsfólkinu auðveldara að vinna eftir markmiðum skólans og jafnframt fylgjast með því hvernig gengur. Með sjálfsmatinu á því að vera auðveldara að draga fram sterkar og veikar hliðar starfsins og gera áætlun um umbætur þar sem þeirra er þörf.

Sjálfsmatið þarf að vera stöðugt í gangi því skóli er lifandi samfélag sem þróast og endurnýjast og tekur mið af samfélaginu á hverjum tíma.

Sjálfsmatsvinna árið 2012-2013

Að hausti var skipaður sjálfsmatshópur sem samanstóð af þremur kennurum, Jónasi Eggert Ólafssyni, Solveigu Friðriksdóttur og Sólrúnu Friðriksdóttur. Kynningarferð var farin í Djúpavogsskóla og skoðað hvernig þau bera sig að við sjálfsmatið. Í framhaldi var ákveðið að leggja spurningalista fyrir nemendur og foreldra í því skyni að kanna ánægju með skólastarfið. Unnið var við gerð spurningalista á haustönn og þeir lagðir fyrir á vorönn (fylgiskjal 1 og 2).

Einnig var skipaður hópur tveggja kennara, Björgvins Vals Guðmundssonar og Guðrúnar Ármannsdóttur sem hafði það hlutverk að kanna sérstaklega líðan, skipulag, stundvísi, hegðun nemenda og einelti meðal nemenda með svokölluðu leiðsagnarmati í gegnum Mentor (fylgiskjal 3). Skólinn starfar sem Olweusarskóli þrátt fyrir að taka ekki kannanir því niðurstöður okkar eru ekki marktækar vegna fámennis. Því var ákveðið að tengja eineltis spurningar inn í leiðsagnarmatið.

Niðurstöður úr spurningalistum

Nemendur svöruðu spurningalistum í skólunum en foreldralistar voru sendir heim. Áréttað var með pósti í Mentor hve mikilvægt væri að allir skiluðu og það bar árangur. Skil á spurningalistum voru fullkomin, 100% hjá bæði nemendum og foreldrum. Listarnir voru lagðir fyrir nemendur frá 1.-10. bekk. Fyrirlögnin fór fram í apríl 2013.

Hópurinn setti sér þau viðmið að ef 80% eða fleiri svöruðu að þeir væru mjög eða nokkuð ánægðir þá þyrfti ekki að bregðast við þeim spurningum. Í heildina voru báðir hópar mjög eða nokkuð ánægðir með flesta þætti skólastarfsins. Afar fáir sögðust frekar óánægðir og einungis tvisvar var svarað í reitinn mjög óánægð/ur.

Hjá nemendum:

Af þeim tuttugu atriðum sem spurt var um reyndist ekkert atriði uppfylla þau skilyrði sem hópurinn setti sér. Ef viðmiðið er hækkað í 85% voru tvö atriði sem ákveðið var að skoða nánar. Þau voru:

- Hversu ánægð/ur ertu með námsefnið í skólanum?
85% voru mjög ánægðir eða ánægðir með námsefnið í skólanum.
- Hversu ánægð/ur ertu með skólalóðina?
85% voru mjög ánægðir eru ánægðir með skólalóðina.

Hjá foreldrum:

- Hversu ánægð/ur ertu með skipulag skólans?
80% voru mjög ánægðir eða ánægðir með skipulag skólans.
- Hversu ánægð/ur ertu með skólalóðina?
80% voru mjög ánægðir eða ánægðir með skólalóðina.
(Ef miðað er við 85%)
- Hversu ánægð/ur ertu með heimanámið?
85% voru mjög ánægðir eða ánægðir með heimanámið.

Sjálfsmatshópurinn mælir með því að þessi fimm atriði verið skoðuð nánar næsta vetur. Mikilvægt er að spyrja dýpra til að fá upplýsingar um hvað það er nákvæmlega sem nemendum og foreldrum finnst að betur megi fara.

Hópurinn er mjög ánægður með þessa niðurstöðu og hve gott samræmi er milli svara nemenda og foreldra á sömu þáttum. Af 20 spurningum nemenda eru 45% sem eingöngu svara mjög ánægður eða ánægður og 60% foreldra svara á þann hátt.

Bæði nemendur og foreldrar gátu komið með athugasemdir og leiðir til úrbóta sem hægt er að sjá í fylgiskjali ásamt niðurstöðum (fylgiskjal 3 og 4).

Niðurstöður úr leiðsagnarmati:

Fjórir nýir nemendur skólans svöruðu ekki og ekki heldur einn erlendur skiptinemi.

Líðan:

- 88-94% nemenda líður oftast vel í skólanum.
- 6-12% nemenda líður stundum vel í skólanum

Skipulag:

- 94% nemenda undirbúa sig vel fyrir skólann
- 71% nemenda vinna oftast vel í kennslustundum og 29% nemenda vinna stundum vel í kennslustundum
- 82% nemenda mæta oftast með öll námsgögn í skólann og 18% nemenda mæta stundum með öll námsgögn í skólann.

Stundvísi:

- 88% nemenda mæta oftast stundvíslega í skólann.

Hegðun:

- 100% nemenda segjast bera oftast virðingu fyrir eigum annarra, tilfinningum annarra og koma vel fram við skólafélagana.
- 94% nemenda svara að oftast og sjaldan grípi þeir ekki fram í fyrir öðrum.

Einelti:

- 100% nemenda segjast ekki hafa lagt í einelti í skólanum í vetur.
- 94% nemenda segjast ekki hafa orðið fyrir einelti í skólanum í vetur, 6% svara ekki spurningunni.

Þessar niðurstöður virðast gefa til kynna sterkar vísbendingar um að nemendum skólans líði almennt vel í skólanum sínum, skipuleggi sig vel og hegði sér vel.

Þó er vert að hafa í huga að hópurinn sem vinnur að úrbótum sé vakandi fyrir því að bæta líðan allra nemenda og auka vinnuframlag í tímum.

Lokaorð:

Sjálfsmatshópurinn er ánægður með útkomu þessara kannana í vetur. Eins og sjá má í niðurstöðum hér að ofan verður kafað dýpra í þá þætti sem betur mega fara í því skyni að bæta þá. Einnig verður brugðist við þeim hugmyndum sem komu frá nemendum og foreldrum um hvað má betur fara í skólastarfinu. Þá verður unnin markviss aðgerðaáætlun.

Sjálfsmatshópur hefur einnig ákveðið að kanna næsta skólaár hvernig starfsfólki líður á vinnustaðnum og hvernig sameining grunn- og leikskóla hefur tekist. Einnig að meta hvernig til tókst með innleiðingu verkefnisins Heilsueflandi skóli, með spurningum eða viðtalskönnunum. Unnið verður í endurbótum ýmissa áætlana.

Ákveðið var að leggja stærra spurningalista fyrir nemendur og foreldra annað hvert ár og vinna að úrbótum hitt árið ásamt því að gera minni kannanir á ýmsum verkefnum sem við erum að vinna, munnlegar og skriflegar og vinna að þeim verkefnum sem eru alltaf í gangi (fylgiskjal 6).